

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Brautarholt 10-14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. ágúst 2015, breytingu á deiliskipulagi Skipholts 11-13 og Brautarholts 10-14 vegna lóðarinnar nr. 10-14 við Brautarholt. Í breytingunni felst að áður samþykktur byggingarreitur er færður inn á teikningu, nýtingarhlutfall lóðar að teknu tilliti til A, B og C rýma verður 1,43 og bíla-stæðum er fækkað um 5 úr 53 í 48. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Friggjarbrunnur 53.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. ágúst 2015, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals, hverfis 4, vegna lóðarinnar Friggjarbrunnur 53. Í breytingunni felst að hækka húsið um 52,5 sentímetra í landi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 11. ágúst 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. ágúst 2015